



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Siðfræði í frístund

Ellert Björgvin Schram

Undraland

Skólaárið 2019-2020



Skýrsla um þróunar- og nýsköpunarverkefni v. Menntastefnu Reykjavíkur B-hluti.

Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur</i>	2
2.	<i>Mikilvægi heimspeki með börnum</i>	3
3.	<i>Óformlegt nám</i>	4
4.	<i>Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra</i>	5
5.	<i>Mat á verkefninu</i>	5
6.	<i>Greinargerð um notkun styrkjár</i>	6
7.	<i>Kynning</i>	6

1. Inngangur

Markmið verkefnisins „*Siðfræði í frístund*“ er að efla siðfræðilega vídd frístundastarfs og gera starfsfólki og börnum auðveldara fyrir að ræða hinn siðferðilega veruleika með gagnrýna hugsun í fararbroddi, þannig að börnin skilji þær reglur, boð og bönn sem í honum felast og gerir þeim kleift að líta gagnrýnum augum á eigið líf. Þó að verkefnið taki mið af og sé þróað í frístundastarfi fyrir 1. og 2. bekk ætti það einnig að geta nýst eldri aldurshópum, öðru tólmundastarfi, inn í skólastofuna eða foreldrum og öðrum forráðamönnum. Verkefnið hófst um haustið 2019. Upplýsingaöflun átti sér stað í upphafi annar þar sem verkefnastjóri fór yfir sögu heimspeki með börnum og aflaði sér upplýsingar um stöðu hennar á Íslandi og hvernig best væri að standa að henni í frístundastarfi. Verkefnið fór í pásu í október en þá fór verkefnastjóri í veikindaleyfi.

Á vorönn fóru samverustundir af stað, en aðstæður í samfélaginu settu vissulega ákveðið strik í reikninginn. Verkefnastjóri var Ellert Björgvin Schram sem sá um upplýsingaöflun og hafði yfirumsjón með verkefninu, en hann naut liðsinnis Henrys Alexanders Henryssonar sem veitti ráðgjöf og Huldu Karenar Pétursdóttur sem sá um heimasíðu.

Aðdragandi verkefnisins var ákveðin hefð sem hafði skapast innan Undralands þar sem reynt var eftir fremsta megni að efla sjálfstæða hugsun barnanna. Samskiptahæfni og lýðræðisleg vinnubrögð voru höfð í hávegum og undanfarin ár var grunnur lagður að siðfræðikennslu. Hún fór þannig fram að á samverustundum voru helstu siðfræðikennningar síðustu 2500 ára færðar í einfalt form og skapaður var sameiginlegur orðaforði sem auðveldaði starfsfólki og nemendum að eiga samræður um siðferðið í daglegu starfi.

Verkefnið var byggt á þessum grunni og fólst í því að útlista og útfæra þessa aðferð, safna saman gögnum til þess að aðrir gætu nýtt sér, þróa fleiri aðferðir til siðfræðikennslu, ásamt því að afla upplýsinga og færa rök fyrir mikilvægi siðfræði og gagnrýnnar hugsunar í menntakerfinu. Með ígrundun um það sem skiptir börnin raunverulegu máli og þjálfun í því að rökræða um siðferðileg gildi eykst *siðferðileg yfirvegund* þeirra í takt við grundvallarþekkingu á samfélaginu og læsi á reglum þess – og býr þau undir þátttöku í samfélagi þar sem taka þarf tillit til annarra. Með eflingu *gagnrýnnar hugsunar* eykst sjálfstæði og sjálfsöryggi barnanna. Þau munu vera betur í stakk búin til þess að skilja rök og mynda sér sjálfstæðar skoðanir. Mannkostirnir sem við viljum styrkja eru meðal annars víðsýni, sjálfstæði í hugsun, umburðarlyndi og hæfni í að skilja rök. Þar að auki stuðlar verkefnið að aukinni fagmennsku starfsfólks, og þ.a.l. frístundastarfs almennt, sem við teljum að geti nýst til þess að auka veg og virðingu frístundastarfs almennt, stuðla að aukinni aðsókn og undirstrika mikilvægi óformlegs náms.

Verkefnið styður við meginmarkið menntastefnu Reykjavíkurborgar: *félagsfærni*, þar sem verkefnið snýr að félagsmótun og beinir athygli barnanna m.a. að því hvernig koma eigi fram við aðra; *sjálfseflingu*, þar sem við viljum leggja grunn að sterkri sjálfsmýnd sem felst í ábyrgum siðferðilegum ákvörðunum og samskiptahæfni, en hún mun styrkjast með skýrari heimsmynd; *læsi*, en með auknum skilningi á hinni siðferðilegu hlið lífsins eykst skilningur á umhverfinu og veruleikanum í heild sinni; *sköpun*, en skapandi hugsun er

gagnrýnin hugsun og „sköpun nær flugi þar sem... spurningar eru opnar, lausnir margar...“; *heilbrigði*, þá helst andleg og félagsleg vellíðan.¹

2. Mikilvægi heimspeki með börnum

Heimspeki með börnum á sér langa sögu og hefur til að mynda þróast í Bandaríkjunum og Bretlandi. Hér á landi hafa margir heimspekingar beitt sér fyrir því að koma heimspeki inn í skólastarf; í kjölfar bankahrunsins var kallað eftir siðvæðingu og eflingu gagnrýnnar hugsunar² og bent hefur verið á nán tengsl gagnrýnnar og siðlegrar hugsunar.³

Þessar raddir hafa náð eyrum Alþingis⁴ og nú er svo komið að í aðalnámskrá grunnskóla er minnst á heimspeki undir hatti samfélagsgreina í viðmiðunarstundaskrá. Í aðalnámskránni er kveðið á um kennslu í „heimspeki ásamt siðfræði“, en markmið hennar er að „nemendur tileinki sér réttisýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfi og þjóðfélagið í heild.“ Samfélagsgreinum „er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum.“ (bls. 195 í aðalnámskrá). Strax við lok 4. bekkjar á nemandi að geta „tjáð hugsanir sínar, skoðanir og þekkingu á viðeigandi hátt, ásamt því að geta hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.“ Undir þáttum skapandi og gagnrýnnar hugsunar skal nemandinn geta „greint milli staðreynda og skoðana, og endurskoðað úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt“ (bls. 88).⁵ Þó heimspeki hafi lætt sér inn í aðalnámskrá grunnskóla og leikskóla er fagið ekki skylda og svo virðist sem heimspeki sé „kennd að frumkvæði einstakra kennara og skólástjórnenda“.⁶

Þær hugmyndir sem koma hér fram um gildi samræðu og viðleitnin til að stuðla að sjálfstæðri og ábyrgri hugsun endurspeglar kröfuna um siðfræði og gagnrýna hugsun í menntakerfinu. Kallinu hefur verið svarað að einhverju leyti, t.d. í leikskólum⁷ en markmið okkar verkefnis er að auka veg heimspekinnar *innan frístundarstarfs*.

¹ *Látum draumana rætast*, Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030.

² Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir. (2010). Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.), *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir* (8. bindi). Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.

³ En sjá t.d. Elsa Haraldsdóttir. (2011). „Efling gagnrýnnar hugsunar og siðfræði í íslenskum skólum“. *Lokaskýrsla til Nýsköpunarsjóðs námsanna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. & Henry Alexander Henrysson. (2013). „Skoðanir, siðferði, samfélag: Enn um gagnrýna hugsun“. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/001.pdf>.

⁴ Sjá t.d. <https://www.althingi.is/altext/146/s/0548.html>

⁵ Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla – greinasvið 2013*. Reykjavík.

⁶ Henry Alexander Henrysson og Elsa Haraldsdóttir. (2012). „Heimspekikennsla á Íslandi: Væntingar, vonir og veruleiki.“ *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/alm/004.pdf>.

⁷ Kolbjörn Ivan Matthíasson. (2019). *Heimspeki í leikskólum*. Háskóli Íslands. Reykjavík.

3. Óformlegt nám

Einn ötullasti talsmaður heimspeki í frístundastarfi er Kolbrún Þ. Pálsdóttir. Hún telur að óformlegt reynslunám þar sem nemandi tengir við, hefur áhuga og stjórn á viðfangsefni sínu falli vel að ramma frístundaumhverfisins. Óformlegt nám er í stuttu máli það nám sem viðkemur félagsþroska, siðferðisþroska og skapgerðarmenntun, er ekki bóklegt fag, og illmælanlegt en „þættir eins og sjálfsmynd, sjálfstæði, ábyrgð, og hugmyndaauðgi verða seint mældir með verkfærum formlegs náms“.⁸ Í doktorsritgerð Kolbrúnar kemur fram að starfsfólki í frístundastarfi „fannst miklu skipta að efla góða samskiptahætti og félagslega færni barnanna, og skapa þannig samfélag sem einkenndist af umhyggju, vináttu og virðingu fyrir öðrum“.⁹

Á frístundaheimilum fer fram mikilvægt starf þar sem börn hafa aukið frelsi til að velja í hvað þau verja tíma sínum, þau þjálfá félagsfærni sína og geta sinnt tómstundum sínum, sem er ekki síður mikilvægt en hið formlega nám sem fram fer á skólatíma. Frístundaheimili eru tilvalinn vettvangur til þess að eiga samræður um siðferðið og æfa sig í samskiptum en í frístundastarfi á sér stað siðferðismótun hvort sem hlúð er að henni eða ekki. Við viljum því að þeirri samræðu sé gefinn gaumur og að grunnur sé lagður að öruggu umhverfi þar sem börnin fá frelsi til að tjá sig og upplifa það að hlustað sé á þau og mark tekið á skoðunum þeirra. Í slíku *samræðusamfélagi* gefst tækifæri til að þjálfá samskiptahæfni og siðferðilega yfirveg og dómgreind. Þannig fá börnin tækifæri til að vega og meta skoðanir sínar í umhverfi þar sem fólk þorir að vera hvert öðru ósammála. Í samræðu þarf að hlusta af athygli, orða hlutina skýrt og hafa hemil á tilfinningum sínum en það getur reynst erfitt að vera ósammála einhverjum en samt haldið umræðunni málefnalegri.

Gagnrýnin hugsun og heimspeki á sér stað að miklu leyti í samræðu¹⁰ Í samræðum hugsum við upphátt, og komum jafnvel orðum að hugsunum sem við höfum aldrei orðað áður. Þá uppgötum við oft margt um hvernig við hugsum og tækifæri gefst til að rýna í eigin skoðanir og jafnvel endurskoða þær ef þess þarf. Það er mikilvægt að efla sjálfstæða, skapandi og gagnrýna hugsun í börnum sem og hæfnina til að finna lausnir upp á eigin spýtur. „Menntun á að hafa siðferðilegt inntak“ og að hún verði til þess að við séum meðvituð „um þau gildi sem skipta máli í lífinu.“¹¹ Þjálfun í siðfræðilegri rökhusun er ekki nægjanleg forsenda siðlegrar breytni enda getur sá sem þekkir „lögmal“ siðferðisins beitt klækjum til að fá sínu fram á ósiðlegan hátt. En hún getur orðið til þess að þjálfá þann eiginleika að hugsa gagnrýnið: að koma auga á rökwillur, átta sig á forsendum, tengslum orsaka og afleiðinga, og gildum og verðmætum sem geta stuðlað að góðu lífi.

⁸ Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2017). „Um siðferðis- og skapgerðarmenntun. Á óformlegt nám erindi inn í skóla?“ *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérriit 2017 – Menntakvika 2017*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/005.pdf.

⁹ Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2012). Care, learning and leisure: the organisational identity of after-school centres for six-to nine-year old children in Reykjavík (óútgefin doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/16754>.

¹⁰ Henry Alexander Henrysson og Elsa Haraldsdóttir. (2012); Róbert Jack, Hreinn Pálsson, Brynhildur Sigurðardóttir. *Barnaheimspeki er rannsókn á möguleikum*. Sótt af <https://gagnrýnihugsun.hi.is/?p=886>.

¹¹ Júlía Margrét Alexandersdóttir. 2019. „Smitaðist af óslökkvandi áhuga á heiminum.“ *Morgunblaðið*, 3. mars).

Það eru eflaust margar leiðir til að efla siðfræði í frístund og stuðla að góðu siðferði. Ein leið væri að setja á boð og bönn og venja börn á að fylgja reglum og reyna þannig að móta siðlega, hlýðna borgara. Önnur leið væri að móta frístundastarfið á lýðræðislegan hátt í samráði við börnin. Enn önnur leið væri að ræða skipulega um siðferðið og hinar ýmsu reglur og forsendur sem liggja því að baki. Þessi þriðja leið var leiðarljós verkefnisins sem hér birtist en aðferðin var að skapa vettvang þar sem tilveran er tæklud í sameiningu.

Verkefninu var ætlað að vera tilraun til þess að setja hið óformlega nám, og þá siðferðismótun sem á sér ósjálfrátt stað í frístund, í ákveðið form og skapa umhverfi sem eflir og heldur utan um siðferðisþroska ungra nemenda.

4. *Reynslan af siðfræði í frístund*

Reynsla af verkefninu hefur verið góð, og almennt ríkir mikill stuðningur við verkefnið. Þeir sem hafa verið kynntir fyrir verkefninu telja verkefnið brýnt og áhugavert. Í Undralandi hefur verkefninu verið vel tekið jafnt af starfsfólki og nemendum almennt. Athygli hefur vakið að börnum finnst oft á tíðum erfitt að kljást við opnar spurningar sem hafa ekki eitt rétt svar og nemendur hafa stundum átt erfitt með að átta sig á tilgangi slíkra spurninga. En slíkar umræður hafa kveikt mikla forvitni og áhuga barnanna, og eftir því sem fram leið á önnina hafa nemendur öðlast betri skilning á því til hvers er ætlast af þeim í slíku *samræðusamfélagi* og náð betri tókum á samræðuforminu.

Það er nauðsynlegt að æfa sig í samskiptum í formlegu umhverfi þar sem kennari er í hlutverki leiðbeinanda og samrannsakanda. Þannig getur hinn fullorðni haft jákvæð áhrif og skapað umhverfi þar sem skapandi hugsun og forvitni fær að njóta sín, en þó í umhverfi þar sem þarf að einbeita sér, halda sig við umræðuefnið, gera hugsanir sínar skiljanlegar fyrir öðrum, taka tillit til skoðanna annarra og átta sig á eigin hugsun. Þessir eiginleikar eru mikilvægir í hvaða umhverfi sem er og finnum við engar mótbárur gegn því að menntakerfið rækti slíka hæfileika eins snemma og unnt er.

Verkefnið felur í sér tilraun til þess að heimspekivæða frístundastarf. Verkefnið tók mið af rannsóknum og skrifum fræðimanna um menntun og barnaheimspeki almennt. Í því kemur saman krafan um heimspeki, siðfræði og gagnrýna hugsun í menntakerfinu annars vegar og rökstuðningur fyrir mikilvægi óformlegs náms hins vegar. Verkefnið tekur mið af báðum þessum kröfum og er tilraun til þess að sameina og raungera þessar kröfur í frístundaheimili. Ef talið er að vel hafi tekist til getur því verkefnið orðið til þess að auðveldara sé að benda á mikilvægi og faglegheit frístundastarfs fyrir þá sem vilja t.d. undirstrika virði frístundastarfsmanna eða auka aðsókn í frístunda- og félagsheimili. Slíkt getur bæði nýst samfélaginu í heild sinni, þar sem að tómskundastarf hefur bæði uppeldis-, menntunar- og forvarnargildi en einnig fræðasamfélaginu ef vilji er til þess að gera rannsókn á mögulegum ágóða sem hlotist getur af slíkri kennslu.

5. *Mat á verkefninu*

Verkefnið var metið á óformlegan hátt. Markmiðið að auka veg barnanna í átt að farsælu lífi með „siðfræðiglæraugun“ í vasanum og veita þeim gott veganesti út í lífið. Siðferðisþroski er nauðsynlegur hverjum einstaklingi í lýðræðissamfélagi og teljum við því nauðsynlegt að nýta hið kjörna tækifæri sem frístundastarfsfólki býðst, þegar börnin

Undraland

eru að stíga sín fyrstu skref í slíku samfélagi, til þess að leggja grunn að siðferðilegri yfirvegum. Til þess að stuðla að siðferðilegri yfirvegum, dómgreind og hæfni til að ígrunda og rökræða um það sem skiptir máli verður að gera siðfræði að daglegu fyrirbæri.

Það er erfitt að meta hvort endanlegum markmiðum verkefnisins hafi verið náð. Markmiðin eru langvinn, og áhrifanna er ekki að gæta fyrst um sinn, enda er siðferðið í stöðugri mótun. Ef ákveðin rækt hefur verið lögð við siðferðið og siðfræðin er gerð aðgengileg teljum við að slíkt hljóti að stuðla að tilhneigingu til siðferðilegs lífs. Siðfræði er engin forsenda réttar breytni en hún sýnir hana. Siðferðið snýr þó ekki einungis að réttari breytni í ákveðnum aðstæðum, heldur er viðfangsefnið einnig almennar ákvarðanir: hvers konar líf er eftirsóknarvert og hvernig get ég stuðlað að eigin hamingju? Slík siðfræði sem byggir á þessum vangaveltum dregur upp mynd af heilsteyptri manneskju. Með því að hafa slíka siðfræði til hliðsjónar er hægt að leggja styrkan grunn á mikilvægum uppvaxtar- og mótunarárum að farsælu lífi.

Þeim skammtímamarkmiðum sem stefnt var að; að efla siðfræðilega vídd frístundaheimilisins teljum við að hafi verið náð.

Í verkefninu eru lagðar fram kennsluáðferðir og efni tekið saman sem getur nýst öðru starfsfólki í frístundastarfi, en einnig er þar að finna annað lesefni sem getur nýst þeim sem hafa mestan áhuga.

6. Greinargerð um notkun styrkjár

Laun til verkefnastjóra:

Laun til ráðgjafa:

Laun til heimasíðustjóra:

7. Kynning

Afurð verkefnisins verður gert aðgengilegt á sérstakri heimasíðu. Sú heimasíða er í bígerð, og fer í loftið sumarið 2020.